

1912
ÁST.
INDVERSKA.
JARDSKJÁLFTAR.
BÆKUR.

EINIGE BEMERKÜNGEN
ÜBER DIE HEKLA UND
DEREN UMGEGEND.

SONUR JESÚ.

H.P.

Umreðin 1912

174

Ást.

(Brot.)

Was ich sehe redet Wunder zu mir.
SCHOPENHAUER.

I.

Mannseðlið minnir á silfurbergið íslenzka; ljósgeislinn, sem lendir a því, sundrast í two. Eins er í mannseðlinu einhver alheimsgveisli af þrá, sem klýfst í ast og trú, löngun estir að lífið haldii afram í niðjum, og þó í einstaklingnum sjálfum.

Ástin er sprottin af tilfinning þess, að maðurinn sé ekki sjalfum ser nógur, að það þurfi að sameinast hinum þætti mannkynsins; verði það ekki, þa er einhver söknuður, sem ekkert fær sefað til fulls. Lífið stigur i hverjum einstakling aðeins eitt stutt spor; með hverjum einum er gerð einhver tilraun, sem mistekst, af því að einstaklingurinn eldist og hrörnar og deyr. Þess vegna er tilraunin gerð aftur og aftur, svo að betur verði stefnt að einhverju takmarki, sem oefad er til. Einstaklingnum finst hann vera heill heimur og að heill heimur farist með sér, heill heimur, sem vill ekki farast. Maðurinn ferst og konan ferst, en maður og kona farast ekki. Eða eins og heimspekingurinn Kant segir svo fagurlega: *Erst Mann und Weib machen den Menschen aus.* Menn lifa í niðjum sínum, þó að þeir viti ekki af því, þó að þeir hafi ekki vitað af því hingaðtil, og langt muni að biða þangað til menn vita af því. En ég held helzt, að einhverntíma muni þar koma, að menn rakni við í niðjum sínum; á einhverri fjarlægri framtíðaröld mun verða eins og menn vakni af svefn, einhverjur fjarlægir niðjar muna alt, sem komið hefir fyrir forseður þeirra; ef til vill verður þetta smatt og smátt, en á endanum mun þó fara svo, að það, sem var í hugum allra syrifarandi kynslóða, verður í hug einnar. Þá hefði dauðinn aðeins verið nokkurskonar sjónhversing, þa væri það satt, að nokkurskonar upprisa holdsins ætti sér stað. Petta er sagt eftir margra ára umhugsun um þessi efni, og það var athugun í nattúruvísindum, sem fyrst kom þessum hugleiðingum á stað. Ef til vill sér einhver, að hér rædit um efni, er má byggja a nýja heimspeki, sem á endanum mundi hafa hin mestu ahrif a alt mannlif. En hér er efni í heilar bækur.

II.

Ég býst við að þeir, sem annars veita því nokkra eftirtekt, sem ritað er í fyrra kaflanum, muni telja það þýðingarlausan heila-spuna, flestir. En hitt skilst sjalfsagt fleirum nú orðið, að skilningur a edli ástarinnar muni eiga heima í heimspekinni; og þó var su tiðin, að jafnvel annar eins storvitringur eins og Schopenhauer þóttist þurfa að afsaka, að hann ritar um ást í heimspeki sinni og minnist a brjóst og mjádmir á kvenfólk. En annars er ekki enn þa auðið að rita um þessi efni, svo vel sé; menn eru svo siðsamir, eða réttara sagt ósiðlegir; heim er ekki heilagt ýmislegt, sem

þeum ætti að vera heilagt; menn eru svo óhreinir andlega og likamlega. Eg að auðvitað við kvenfólkid lika. EKKI SÍÐUR.

En það er svolt til meinlaus athugun um ást, sem ég ætlaði að segja frá. Eg kom fyrir nokkrum arum á bæ. Þar sem voru nýgjist hjón. Konan var ljóshærð og fríð sýnum, svo fríð, að eg horfði á hana með eftirtekt og mér til gamans. Eg sá, að hjónin foru alt í einu að kyssast á dálítíð undarlegan hatt; það var nærrí því eins og þau vissu ekki af því, nærrí því eins og einhver osýnileg hond þrysti saman á þeim höfðunum, eða réttara sagt eins og þau -hefðu eitthvert aðdráttarafl hvort til annars. Sjálfsagt hefir þessum hjónum þott solskinið övenju fagurt þessa dagana, og grasið grænt, og gaman að draga andann. Fleiri athuganir hafa komið mér til að hugsa um þetta aðdráttarafl milli karls og konu, að þar muni koma til greina sérstakt að sem lífseðlisfræðingar á okomnum óldum muni geta fundið, líkt og menn hafa fundið rafmagn: ennsfremur kemur manni í hug, að þetta astarafl se tvønnskonar, eins og tvønnskonar rafmagn; og eins og tvønnskonar rafmagn leitast við að sameinast, og verður neisti af eins sé því varið að sinu leyti, þegar kvíknar nýtt líf af samförum karls og konu.

Hér er alls ekki um neinar líkningar að ræða. Eg held, að samhengið i natturunni sé miklu meira, en menn hafa fundið enn. Að andinn nái miklu lengra niður, en okkar vitum virðist, og likamseðlið miklu lengra upp. Menn hafa a síðari árum verið að finna ýmsa merkilega geisla, og einu sinni hefði það þótt lygilegt, að hægt væri að ljósmynda beinin innan í lisandi mónum. Eg held, að mest sé i þessum efnum óuppgötvað enn. Ég hefi gert mjög margar athuganir, sem ég vona að geta skýrt frá seinna, er virðast benda til þess, að til seu nokkurskonar heilageislar eða salargeislar, og það ýmsar tegundir. Pegar menn skilja það, þa mundi margt skýrast, sem nú virðist óskiljanlegt: þá mundu auðgast visindin og ýms hjatrú hverfa; en visindin virðast raunar furdulegri en nokkur hjatrú. Þa verður auðið að gera grein fyrir fíarskygni og ymsum fjaráhrifum, sem margir hafa efast um, en aðrir sagt rangt fra. Eg gæti sagt frá athugunum, sem gera mjög líklegt, að það se mikill sannleikur í því, sem segir um Njál og Helga Njalsson. Það er fleira til milli himins og jarðar en heimspekingarnir hafa komist að enn þá, líkt og Hamlet segir.